

**Ed.**

**431. Nefndarálit**

**[144. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Pingmenn Alþýðufloksins hafa á yfirstandandi og undanförnum þingum flutt tillögur og frumvörp um að dregið yrði úr álagningu tekjuskatta. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 flutti fulltrúi Alþýðufloksins í fjárveitinganefnd m. a. tillögur um lækkun tekjuskatts og tilsvarandi niðurskurð á ríkisútgjöldum. Margvíslegt óréttlæti birtist í núverandi tekjuskattaaögum. Með lækkun tekjuskatta má treysta kaupmátt heimilanna án verðbólguáhrifa. Auk þess er jaðarskattur á venjulegum miðlungslaunatekjunum of hárr.

Prátt fyrir þau augljósu rök, sem þannig hafa verið færð fram fyrir lækkun tekjuskatta, hafa tillögur um þetta efni ekki fengist samþykktar. Alþýðuflokcurinn vill nú enn freista þess að fá stuðning ríkisstjórnarflokkanna við hugmyndir sínar um lækkun tekjuskattsins. Komi slíkur stuðningur fram getur Alþýðuflokcurinn mælt með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps.

Að óbreyttum áformum ríkisstjórnarinnar um tekjuskattsálagningu telur Alþýðuflokcurinn hins vegar ekki fært að samþykka fyrirliggjandi frumvarp, þar eð heildarskattbyrði mikils fjölda venjulegs launafólks sé allt of há.

Alþingi, 8. mars 1982.

Kjartan Jóhannsson,  
fundaskr.